

Föstudaginn 10. desember 1971.

Nr. 119/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Herði Jóhannssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni og Páli Þorbjörnssyni skipstjórum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt staðar-ákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 8. september 1971, segir m. a. svo:

„A = staður varðskipsins kl. 0339 h. 23/6 '71. Þá mælist báturinn á stað a um 2,0 sjóm. frá landi, eða um 1,0 sjóm. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 0345. Þá mælist báturinn á stað b um 1,15 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 0351. Þá mælist báturinn á stað c um 0,9 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 0357. Þá mælist báturinn á stað d um 0,65 sjóm. innan bannsvæðismarkanna.

E = staður varðskipsins kl. 0419 í kjölfari bátsins. Staður E mælist um 0,3 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

F = staður varðskipsins kl. 0423,5 við hlið bátsins. Staður F mælist um 0,8 sjóm. utan bannsvæðismarkanna.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur ratsjár varðskipsins viðurkenna (2% fjarlægðarskekkju af mældum fjarlægðum og 0°65 miðunarskekkju), mundi það gefa stað bátsins mest um 0,1 sjóm. utar“.

Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt svofelld greinargerð skólastjórans, dags. 5. nóvember 1971:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég athugað, hvar báturinn var staddur kl. 0400 h. 23/6 '71, miðað við bannsvæðismörkin, hafi hann siglt skemmstu leið frá stað sínum kl. 0357 út að bannsvæðismörkunum með meðalganghraða sínum frá kl. 0339 til kl. 0357 og einnig með meðalganghraða sínum frá kl. 0357 til kl. 0419 og loks með meðalganghraða sínum frá kl. 0339 til kl. 0419.

Hraði bátsins, miðað við fjarlægðir milli mælistaða, reiknast mér þannig: a—b um 2,0 sjóm., b—c um 3,5 sjóm., c—d um 2,0 sjóm. og d—E um 3,0 sjóm.

Meðalhraði bátsins frá kl. 0339 til kl. 0357 (a—d) er samkvæmt því um 2,5 sjóm. Miðað við þann hraða, hefði báturinn átt að fara um 0,13 sjóm. frá kl. 0357 til kl. 0400 og sé miðað við skemmstu leið frá stað d að bannsvæðismörkunum, hefði báturinn átt að vera sem því nemur nær mörkunum kl. 0400, eða um 0,52 sjóm. innan markanna.

Meðalhraði frá kl. 0357 til kl. 0419 (d—E) er um 3,0 sjóm. Miðað við þann hraða, hefði báturinn átt að vera um 0,15 sjóm. nær mörkunum kl. 0400 en kl. 0357, eða um 0,5 sjóm. innan markanna kl. 0400.

Meðalhraði frá kl. 0339 til kl. 0419 (a—E) er um 2,6 sjóm. Miðað við þann hraða, hefði báturinn átt að vera um 0,52 sjóm. innan bannsvæðismarkanna kl. 0400.

Sé reiknað með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju, sem framleiðendur ratsjár varðskipsins viðurkenna, reiknast mér, að staður bátsins kl. 0357 yrði um 0,09 sjóm. nær bannsvæðismörkunum, eða um 0,56 sjóm. innan þeirra. Samkvæmt því yrðu fyrrgreindir staðir kl. 0400 um 0,43 sjóm. innan bannsvæðismarkanna, ef reiknað er með meðalhraða milli kl. 0339 og 0357, um 0,41 sjóm. innan markanna, ef reiknað er með meðalhraða milli kl. 0357 og 0419, og um 0,43 sjóm. innan markanna, ef reiknað er með meðalhraða milli kl. 0339 og 0419“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur

við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir, að öðru leyti en því, að heimfæra ber brot ákærða undir C 2, sbr. C 1. liði 2. gr. laga nr. 21/1969 í stað D 1 og D 2 liði 2. gr. sömu laga, sbr. heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

M/b Fjalari, ÁR 22, er 49 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 3. desember 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlacrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Hörður Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 24. júní 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dags. í dag, á hendur skipstjóranum á vélbátnum Fjalari, ÁR 22, Herði Jóhannssyni, Skjaldbreið, Eyrarbakka, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti aðfaranótt miðvikudagsins 23. júní 1971 út af Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D 1 og D 2 liði 2. gr.

nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961. Ákærast því nefndur Hörður Jóhannsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Hörður Jóhannsson, er fæddur 6. febrúar 1940 að Oddgeirshólum, Hraungerðishreppi, Árnessýslu. Hann hefur eigi sætt neinum þeim ákærum eða refsingum, að áhrif gæti haft á úrslit þessa máls.

Í skýrslu Landhelgisgæzlu Íslands, dags. 23. þ. m., undirritaðri af skipherra varðskipsins Þórs, segir svo:

„Miðvikudaginn 23. júní 1971 stóð varðskipið m/b Fjalar, ÁR 22, að meintum ólöglegum togveiðum SA af Ingólfshöfða. Skipstjóri Hörður Jóhannsson, til heimilis Skjaldbreið, Eyrarbakka, fæddur 7/2 1940.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Miðvikudaginn 23. júní 1971 var varðskipið á eftirlitsferð undan Skeiðarársandi.

Kl. 03.39 sást skip grunsamlega nærri landi, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 081°, fjarlægð 7,3 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 5,2 sjóm.

Sandurinn, fjarlægð 1,2 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 1,05 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 03.45 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 081°, fjarlægð 6,0 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 4,0 sjóm.

Sandurinn, fjarlægð 1,1 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 1,2 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 03.51 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 081°, fjarlægð 5,05 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 2,8 sjóm.

Sandurinn, fjarlægð 1,1 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 0,9 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 03.57 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Skip r/v 088°5, fjarlægð 4,00 sjóm.

Ingólfshöfði, fjarlægð 1,7 sjóm.

Sandurinn, fjarlægð 1,1 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 0,6 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 04.15 sjást togvírar bátsins.

Kl. 04.16 var gefið stöðvunarmerki með flautu (skiph.).

Kl. 04.19 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í kjölfari bátsins, sem togaði með skutvörpu:

Ingólfshöfði, fjarlægð 3,3 sjóm.

Salthöfði, fjarlægð 6,55 sjóm.

Kvíárjökull, fjarlægð 10,0 sjóm., dýpi 73 m,

sem gefur stað bátsins um 0,3 sjóm. utan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 04.23 sést, að báturinn heitir FJALAR, ÁR 22.

Kl. 04.23,5 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við bátinn, sem er að byrja að hífa:

Ingólfshöfði, fjarlægð 3,8 sjóm.

Kvíárjökull, fjarlægð 10,25 sjóm.,

sem gefur stað bátsins um 0,8 sjóm. utan leyfðra fiskveiðimarkna.

Kl. 04.50 var komið með skipstjóra bátsins um borð í varðskipið. Aðspurður kvaðst hann hafa kastað, um hálfri klukkustund áður en varðskipið kom að honum, en hins vegar taldi hann sig ekki hafa farið inn fyrir línu. Var skipstjóranum sagt að halda til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði rannsakað nánar.

Mælingar voru gerðar af I., II. og III. stýrimanni varðskipsins í umsjá skipherra. Notaður var Sperry gýróttaviti og Sperry ratsjá. Var lausi fjarlægðarhringur ratsjárinnar borinn saman við þá föstu, og var hann réttur.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti nr. 30, þar sem staðir skipanna eru markaðir.

Veður: Hægviðri, sjór 2—3, hálfskýjað“.

Skipherra varðskipsins, Bjarni Ólafur Helgason, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvað hann skýrsluna rétta og kannaðist við undirskrift sína á henni. Vitnið kvaðst fyrst hafa séð veiðarfæri m/b Fjalars í sjónauka kl. 0415. Vitnið kvaðst hafa séð, þegar 1—2 sjómílna fjarlægð var til bátsins, að báturinn var ekki í lausakeyrslu. Sagðist vitnið hafa séð þetta af skrufulvatninu. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ásgrímur Ásgeirsson, 1. stýrimaður á varðskipinu Þór, mætti fyrir dómi í máli þessu. Kvað vitnið skýrslu skipherra rétta.

Vitnið var við radarinn, er staðarmælingar voru gerðar, og kvaðst vitnið hafa séð veiðarfæri bátsins, skömmu áður en staðarmælingin kl. 0419 var gerð. Vitnið kvað 2. stýrimann hafa sett út í kortið, en vitnið yfirfór útsetningarnar og kvað þær réttar. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Friðgeir Olgeirsson, 2. stýrimaður á v/s Þór, kom fyrir dóm í máli þessu. Kvaðst hann hafa samið ofangreinda skýrslu og kvað hana rétta. Skipherra og 1. stýrimaður yfirfóru skýrsluna. Vitnið setti út í sjó kortið, og kvað það útsetningarnar réttar. Skipherra og 1. stýrimaður yfirfóru útsetninguna. Vitnið kvaðst hafa séð togvíra bátsins kl. 0415, en fyrr hafi það eigi séð veiðarfæri hans. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Sigurður Steinar Ketilsson, 3. stýrimaður á v/s Þór, kom fyrir dóm í máli þessu. Kvað hann ofangreinda skýrslu rétta eftir sinni beztu vitund. Vitnið kvaðst hafa séð togvíra bátsins kl. 0415. Um kl. 0440, er vitnið var komið um borð í m/b Fjalari, leit það í radar bátsins, og var fjarlægðin í land þá um 3.8 sjómílar. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Ákærði kom fyrir dóm í máli þessu. Kvaðst hann eigi vilja segja neitt um staðarmælingar á ofangreindri skýrslu. Kvaðst hann hafa lónað A og SaA og SA frá kl. um 0315—0400, en þá hafi engin veiðarfæri verið í sjó. Hann kvaðst hafa kastað á 3ja sjómílna mörkunum um kl. 0400 og kastað nálægt A. Togaði hann síðan í u. þ. b. 20—30 mínútur í A, SaA og síðan í SA eða því sem næst, en þá sögðu yfirmenn varðskipsins honum að hífa. Ákærði kvaðst eigi hafa verið innan fiskveiðimarkanna.

Ákærði skýrði frá því, að toghraði m/b Fjalars væri um 2—2½ sjómíla á klukkustund.

Sigurður Sigurðsson, stýrimaður á m/b Fjalari, ÁR 22, kom fyrir dóm í máli þessu. Kvaðst hann hafa verið ræstur um kl. 0300, en engin veiðarfæri voru þá í sjó, en kastað var um kl. 0400. Ekki vissi vitnið, hvar báturinn var þá staddur. Vitnið áleit, að varðskipið hefði komið að bátnum, þegar togað hafði verið í um 15 mínútur. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Kristján Þórisson, vélstjóri á m/b Fjalari, kom fyrir dóm í máli þessu. Vitnið sagði, að kastað hefði verið um kl. 0400. Er togað hafði verið í u. þ. b. 15—20 mínútur, kom varðskipið að bátnum. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Benedikt Benediktsson, matsveinn á m/b Fjalari, og Þráinn Lárusson komu fyrir dóm og skýrðu frá því, að kastað hefði verið um kl. 0400.

Skipaður verjandi ákærða, Jón Óskarsson héraðsdómslögmaður, lagði fram skriflega vörn í máli þessu, og bendir hann á hugsanlega skekkjuvalda á mælingum varðskipsins. Þá bendir hann á, að samkvæmt eiðfestum framburði skipverja m/b Fjalars hafi varpan farið í sjó kl. 0400, en þá hafi ákærði verið utan fiskveiðimarkanna. Þá bendir hann á, að aðeins örfáir fiskar hafi verið í vörpunni, er hún var tekin inn, og sýni það, að hún hafi verið stutt í sjó.

Samkvæmt mælingu varðskipsmanna var fjarlægðin til Ingólfshöfða kl. 0423,5 3.8 sjómílar.

Pegar 3. stýrimaður varðskipsins kom um borð í m/b Fjalar skömmu síðar, mældi hann sömu fjarlægð í bátnum ásamt ákærða, og reyndist fjarlægðin sú hin sama. Verður þá að ganga út frá, að sú staðarmæling sé rétt.

Yfirmenn varðskipsins Þórs hafa unnið eið að framburðum sínum og gert nákvæma grein fyrir mælingum sínum, sem telja verður það nákvæmar, að leggja beri þær til grundvallar í máli þessu.

Kl. 0357 staðsetti varðskipið m/b Fjalar 0.6 sjómílar innan fiskveiðimarkanna, en samkvæmt vætti ákærða og skipverja m/b Fjalars var kastað kl. 0400. Með tilliti til toghraða bátsins, sem kemur fram í framburði ákærða, og mælingu varðskipsins þykir verða að ætla, að báturinn hafi verið um 0.4 sjómílar innan fiskveiðimarkanna, er veiðarfærin voru látin í sjó.

Með hliðsjón af þessu og samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðimarkna, og varðar það brot hans við þau lagaboð, er í ákæru greinir.

M/b Fjalar, ÁR 22, er samkvæmt alþjóðamælibréfi 49 brúttórúmllestir.

Samkvæmt síðustu opinberri skýrslu um gullgengi jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 24. júní 1971, voru afli og veiðarfæri m/b Fjalars, ÁR 22, metin þannig:

Veiðarfæri	kr. 83.000.00
Fiskafli	— 16.330.00

Kr. 99.330.00

Samkvæmt þessu og með hliðsjón af málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 40 þúsund króna sekt í Landhelgissjóð

Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra um borð í m/b Fjalari, ÁR 22, kr. 99.330.00, er gert upptækt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Andvirði afla og veiðarfæra m/b Fjalars, ÁR 22, kr. 99.330.00, er gert upptækt í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað vegna máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. desember 1971.

Nr. 160/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Hylming. Bifreiðar. Tilraun til nytjastuldar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.